

Reglur um úthlutun og afnot af Hjálmfriðarbóli í landi Sæbóls í Sléttuhreppi.

1. gr.

Orðskýringar

Merking orða sem notuð eru í reglum þessum er eftirfarandi:

Afkomandi: Börn Kristins og Sigurrósar Gísladóttur og afkomendur þeirra.

Afkomendahópur: Átta börn Kristins og Sigurrósar og afkomendur þeirra samtals átta afkomendahópar.

Húsráðandi: Afkomandi sem hefur fengið Hjálmfriðarból úthlutað til afnota.

Stjórn félagsins: Stjórn félagsins Hjálmfriðarbóls.

Sumarleyfistími: Samtals átta vikur, frá síðari helmingi júnímánaðar til fyrri hluta ágústmánaðar.

Úthlutunartímabil: Tími sem Hjálmfriðarbóli er úthlutað til afnota.

2. gr.

Almennt.

Ekki er heimilt að lána eða framleigja Hjálmfriðarból nema til afkomenda.

3. gr.

Afnot af Hjálmfriðarbóli á sumarleyfistíma.

Afnotum af Hjálmfriðarbóli skal skipta á sumarleyfistíma í fjögur tveggja vikna tímabil.

Þegar ártalið er slétt tala skulu afkomendahópar Kristins hafa afnot af Hjálmfriðarbóli fyrsta tveggja vikna tímabilið en afkomendahópar Sigurrósar afnot á næsta tímabili. Þannig skulu afkomendahópar hvors um sig skiptast á afnotum á húsinu út sumarleyfistímann. Þegar ártalið er oddatala skulu afkomendahópar Sigurrósar hafa afnot af húsinu á fyrsta tveggja vikna tímabilinu en afkomendur Kristins á næsta tveggja vikna tímabili o. s. frv. (sjá þó ákvæði 5. gr.)

Afkomendur Kristins skulu setja reglur um úthlutun dvalarvikna sinna á sumarleyfistímanum og afkomendur Sigurrósar á sama hátt. Reglurnar skulu taka mið af ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar að breyttu breytanda.

Stjórn er heimilt að ákveða gjald fyrir afnot af húsinu. Miða skal við að gjaldið nægi fyrir rekstri hússins öðrum en opinberum gjöldum og meiriháttar endurbótum. Gjaldið skal greiða fyrirfram.

4. gr.

Forræði og umgengni um Hjálmfriðarból.

Húsráðandi ber ábyrgð á húsinu á dvalartíma, umgengni um það og þrifum við lok dvalar. Sé hann síðasti dvalargestur á sumarleyfistíma skal enn fremur ganga frá vatnsleiðslu, birgja glugga og verja salerni frostsKemmdum. Utan sumarleyfistíma skal ætíð gengið frá vatnsleiðslu og gluggar birgðir við dvalarlok.

Húsráðandi vísar dvalargestum á gististað í húsinu.

5. gr.

Kirkjuferðir og ættarmót.

Eigi skal stjórn félagsins úthluta Hjálmsfríðarbóli til einstakra afkomenda fyrir og eftir kirkjuferðir eða ættarmót, samtals eina viku. Þann tíma skal húsið standa öllum afkomendum opið. Dvalarvikur flytjast þá til samkvæmt ákvörðun stjórnar.

6. gr.

Afnot af Hjálmsfríðarbóli utan sumarleyfistímans.

Stjórn er heimilt að ráðstafa Hjálmsfríðarbóli utan sumarleyfistíma til afkomenda til afnota og þá gegn gjaldi sbr. 2. gr.

7. gr.

Gildistaka og breytingar.

Reglur þessar skulu gilda frá og með 1. maí árið 2001.

Þeim verður einungis breytt með 3/4 atkvæða á fullskipuðum fundi stjórnar félagsins Hjálmsfríðarbóls.